**Nd.** **477. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna »1½ króna« í 1. gr. laga nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt komi: 3 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920 og gilda til ársloka 1921.

Greinargerð.

Flestir skattar ríkissjóðs hafa verið hækkaðir síðan hin nýafstaðna heimsstyrjöld hófst, nema húsaskatturinn, og virðist nefndinni nú rjett að hækka hann um helming, og sýnist það alls eigi langt farið, er litið er til breytingar þeirrar á verðgildi peninga, sem heimsstyrjöldin hefir valdið.

Nefndin gengur út frá, að húsaskattslögin verði endurskoðuð um leið og endurskoðun sú fer fram á skattalöggjöfinni, sem nú stendur fyrir dyrum.

Tekjuaukinn af frv. þessu mun nema sem næst 25 þús. kr. á ári.